

ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 18/2008

frá 1. febrúar 2008

um breytingu á XXI. viðauka (Hagskýrslugerð) við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR TEKIÐ NEÐANGREINDA ÁKVÖRÐUN

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, með áorðnum breytingum samkvæmt bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á eftir „samningurinn“, einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) XXI. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 170/2007 frá 7. desember 2007 ⁽¹⁾.
- 2) Fella ber inn í samninginn reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 847/2007 frá 18. júlí 2007 um framkvæmd reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 808/2004 um hagskýrslur Bandalagsins um upplýsingasamfélagið ⁽²⁾.
- 3) Fella ber inn í samninginn reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 973/2007 frá 20. ágúst 2007 um breytingu á tilteknum EB-reglugerðum um sérstök hagskýrslusvið til framkvæmdar á atvinnugreinaflokkun Evrópubandalaganna (NACE), 2. endursk. ⁽³⁾.

ÁKVÖRÐUNIN ER SVOHLJÓÐANDI:

1. gr.

XXI. viðauki við samninginn breytist sem hér segir:

1. Eftirfarandi liður bætist við á eftir lið 28b (reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1031/2006):
„28c. **32007 R 0847**: Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 847/2007 frá 18. júlí 2007 um framkvæmd reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 808/2004 um hagskýrslur Bandalagsins um upplýsingasamfélagið (Stjtið. ESB L 187, 19.7.2007, bls. 5).“
2. Eftirfarandi undirliður bætist við í lið 18ai (reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 430/2005), lið 18db (reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1916/2000), lið 18e (reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1726/1999) og lið 18h (reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1216/2003):
„– **32007 R 0973**: Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 973/2007 frá 20. ágúst 2007 (Stjtið. ESB L 216, 21.8.2007, bls. 10).“
3. Eftirfarandi bætist við í lið 4ac (reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 912/2004), lið 7e (reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 2163/2001), lið 18m (reglugerð

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 124, 8.5.2008, bls. 38, og EES-viðbætur við Stjtið. ESB nr. 26, 8.5.2008, bls. 31.

⁽²⁾ Stjtið. ESB L 187, 19.7.2007, bls. 5.

⁽³⁾ Stjtið. ESB L 216, 21.8.2007, bls. 10.

framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1983/2003), lið 27a (reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 782/2005), 30. lið (reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 753/2004) og 31. lið (reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1450/2004):

„, eins og henni var breytt með:

- **32007 R 0973**: Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 973/2007 frá 20. ágúst 2007 (Stjtíð. ESB L 216, 21.8.2007, bls. 10).“

2. gr.

Íslenskur og norskur texti reglugerða (EB) nr. 847/2007 og 973/2007, sem verður birtur í *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 2. febrúar 2008 að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi borist sameiginlegu EES-nefndinni (*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 1. febrúar 2008.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Alan Seatter

formaður.

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.